

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Óveruleg breyting á deiliskipulaginu Selhraun suður, Norðurhella 1.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 14. október 2020 óverulega breytingu á deiliskipulagi er nær til lóðarinnar við Norðurhella 1. Í breytingunni felst að skilgreind er ný lóð undir dreifistöð.

Deiliskipulagsbreytingin var grenndarkynnt frá 7. september – 6. október 2020. Engar athugasemdir bárust.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*Óveruleg breyting á deiliskipulaginu Hellnahraun, 2. áfangi, Álfhella 8.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa þann 14. október 2020 óverulega breytingu á deiliskipulagi er nær til lóðarinnar við Álfhella 8. Í breytingunni felst að innkeyrsla færist frá lóðarmörkum Álfhella/Einhellu 5 að húshorni Álfhella 8. Deiliskipulagsbreytingin var grenndarkynnt frá 11. september – 11. október 2020. Engar athugasemdir bárust.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*Óveruleg breyting á deiliskipulagi „Miðbær–Hraun, vestur“, Mjósund 10.*

Í samræmi við skipulagslög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 14. október 2020 óverulega breytingu á deiliskipulaginu „Miðbær–Hraun, vestur“ vegna lóðarinnar að Mjósundi 10. Í breytingunni felst nýr byggingarreitur fyrir bílskúr. Deiliskipulagsbreytingin var grenndarkynnt frá 2. september til 30. september 2020. Engar athugasemdir bárust.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*Hafnarfirði, 14. október 2020.*

**Bormóður Sveinsson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 23. október 2020